

Framfarir í vísindum og fyrirstaða.

I.

Það er síst of mikið sagt, að sálufræðin sé á vorum dögum á nokkuð svipuðu stígi í undirstöðuatriðum og stjörnfræðin var fyrir daga Koperniks. Kemur þetta til dæmis fram í því, hvernig litið er á miðilshæfileika einsog nokkurskonar sjúkleika, og talað um klofningar sálulifsins eða klofnings-ég (Spalt-Iche) og klofningspersónuleika (dissociation of personality). Þó eru til ágaetar athuganir, sem fullkomlega ættu að nægja til að koma mönnum á braut sannra visinda í þessum efnum og forða þeim frá þessari klofningsvitleysu, sem bannar allan verulegan skilning á því sem um er að ræða. En sá skilningur er mjög svo áriðandi. Hér má nefna tilraunir Turveys, sem svo merkilega litill gaumur hefir verið gefinn, og er slíkt, því miður, ekkert eins dæmi um, merkilegar ranusóknir. Þegar Turvey lá í rúmi sínu heima hjá sér, gat hann framleitt það sem sálufræðingarnir mundu kalla klofnings-ég eða klofningspersónuleika í manni með miðils-hæfileika, sem sat og svaf í stóli í húsi alllangt burtu. Hinn sof-

andi miðill var beðinn að skrifa nafnið sitt; hann skrifaði nafn Turveys og með rithönd hans. Miðillinn fékk sting og hósta á sama tíma og Turvey heima í rúmi sínu. Er þetta vissulega stórmerkilegt og sýnir vel það sem eg hefi nefnt bioinduktion. Það er eigi einungis meðvitund Turveys sem kemur fram í miðlinum, heldur einnig hið likamlega ástand hans. Svo afarfróðegar sem athuganir þessar eru, þá eru þær ekki margbrotnar; þar er ekkert um að villast, og þær eru svo vel vottfestar, að ekki tjáir að rengja. Og margost hafa menn sem staddir voru í öðrum borgum, löndum og jafnvel heimsálfum, komið fram á miðilfundum þar sem verið var að leita sambands við framliðna, án þess að þeir væru þó sjálfir að reyna slíkt, eins og Turvey gerði; hafa menn þessir talað gegnum miðlana og hagað sér einsog hinir svonefndu andar framliðinna. Hafa sum slik dæmi verið vel rannsokuð, en þó hefir gildi athugana þessara ekki verið metið neitt likt því sem vert væri. Eg hefi verið að reyna, í greinum á ensku og þýsku, sem komið hafa í tíma-

ritum með heimsútbreiðslu, að fá menn til að vakna við því, hversu stóreftírtektarverðar slikar athuganir eru; en árangurs hefir lítið orðið vart ennþá. Virðist það þó í augum uppi, að þar sem engin fjarlægð hér á jörðu getur hamlað því, að lif-
ándi maður fái takast gegn um miðil, þá er alveg sjálfsagt að rannsaka hvort ekki geti á pennan hátt fengist samband við íbúa stjarnanna. Tel eg raunar engan vafa á því að svo sé, og má ganga alveg úr skugga um það með því að rannsaka ýmislegt sem komið hefir gegnum miðla. En margra ára athuganir mínar hafa leitt í ljós, að miðilsástandið er enganyeginn eins sérstakt og haldið hefir verið, heldur náskylt vanalegum svefni, og að í draumi er samband við íbúa annara stjarna hið venjulega, normala. Styðst sú ályktun við þúsundir af athugunum, sem ekki verða með skynsemd á annan veg þýddar.

Til eru athuganir sem svo ljóslega sýna, að draumurinn verður til fyrir sambandsástand, samband við draumgjafa, er eg hefi svo nefnt, að þær ættu að geta tekið af allan vafa, fyrir hverjum þeim sem nota vill yit sitt við þetta. Má nefna það, þegar danskur maður verður fyrir því einn morgun snemma, að hvítabjörn í dýragarði bitur hann, en vin hans sem þá liggur heima í rúmi sínu, ekki alllangt

þaðan, dreymir að einmitt þetta sama komi fyrir sig. Annað daemi, margbrotnara en alveg eins greinilegt, hefi eg ritað um í „Light“ fyrir nokkrum árum. Og fjöldamargar athuganir eru til af þessari tegund, er sýna, að vökuviðburður í lifi eins manns getur orðið draumviðburður í lifi annars. Það ætti að vera auðvelt að átta sig á því hversu stórfróðlegt það er, að í svefn kemur altaf (normalt), fram ástand, sem svarar nákvæmlega til þess sem vísindamenn hafa nefnt dissociation of personality (klofning eða sundrun persónuleikans) og að óhætt er að fullyrða, að sá sem sefur sé altaf (normalt) nokkur skonar miðill.

II.

Eg fyrir mitt leyti get ekki séð neina ástæðu til að efast um, að fá megi með tilstyrk miðils, samband við þá sem framliðnir eru. Og það er vissulega einnig vert að veita því eftirtekt hverjir þeir menn eru sumir, sem telja þetta sannad. Það ætti að vera fylgjendum tónfræðistefnunnar, er svo mætti nefna, meira ihugunar-efni en orðið er, að í tölu þessara manna skuli vera sumir þeir sem ágætastir hafa verið í náttúruvísinum, einsog A. R. Wallace og W. Crookes. En þó þykir mér sá galli á ráði jafnvel þessara manna, að þeir hafa ekki lítið nógu náttúrufræðilega á þetta mál, ekki gætt þess

eins og þörf er á, að það sem hér ræðir um, er að færa út bekkinguna á náttúrunni, víkla svið náttúrufraeðinnar, stækka og laga heimsmýnd voru. Hinn viðhaldandi og endurskapandi kraftur, sem kemur fram svo margvislega og merkilega í hinni lifandi vél, organismum, lamast aldrei til fulls, heldur endurskapar hina lifandi vél, likamann, jafnvel eftir daudan. Mönnum ætti að vera greiðara um í þessum efnum nú en áður, þegar eðlisfræðingarnir eru komnir á þá skoðun, að af ljósgeisla geti orðið efni. Og með tilstyrk góðs miðils — vér höfum einmitt ágætan miðil af því tagi hér í Reykjavík, þar sem frú Lára Ágústsdóttir er — má nú raunar sjá hvernig líkami getur gefið til ús þókukendu efni, sem virðist vera orðið til fyrir einhverskonar geisman. Þegar á alt er litio, virðist mér sem ekki verði komist hjá því að kalla það fáfræði, að efast um, eða jafnvel þykjast mega vera viss um, að hinár svonefndu líkamningar (Materialisation) eigi sér ekki stað.

Skilningur á því þyrfti að verða almennur, hversu áriðandi það er að brúa það myrkrajdjúp, sem nú skilur þá sem hér á jörðu lifa (og í slíkum stöðum öðrum) og þá sem framliðnir eru, og hvernig með því yrði komist á leiðina til þess að lifa rétt. En það er að lifa

þannig, að mönnum fari ekki að fá, uns þeir verða svo yesalir að þeir dæxja, heldur fari allt fá fram, uns þeir hafa kratta og þroska til að flytjast til fullkomnara mannfélags, og geta þaðan tekið þátt í að hjálpa nýgræðingnum á stöðvum frumlifsins. Möguleikar lífsins eru svo miklir og stórkostlegir, og illt til þess að vita en þó verra að reyna, hyversu illa getur farið meðan vanþekking og varmenska fær að ráða.

1.—10. febr.

Helgi Pjeturss.

Leiðréttung.

I greininni „Ísland í ljóma“ í Vísí 8. þ. m., hafði fallið úr á undan miljón: nálægt 1½.

H. P.

Vísir 14 febr. 1936